



Fjölbrautaskóli

Suðurlands

Vorönn 2026

REIM1GR05

Reiðmennska Verklegt II

Kennari:	Áslaug Fjóra Guðmundsdóttir	Sk.st.	ÁFG
-----------------	------------------------------------	---------------	------------

REIM1GF05 – Reiðmennska verklegt II – Grunnreiðmennska framhald

Lýsing: Meginviðfangsefni áfangans er að kenna áframhaldandi grunnreiðmennsku. Helstu ásetur, ábendingar og virkni þeirra. Grunnvinna við hönd og upphaf fimíæfinga. Nemandinn lærir að stjórna hraða, stefnu og gangtegund hestsins. Kenndar einfaldar gangskiptingar. Hvernig leggja skal mat á andlegt og líkamlegt ástand hesta og mikilvægi þess að tileinka sér rétt viðhorf gagnvart hestinum. Reiðleiðir, útreiðar og þjálfun á víðavangi.

Forkröfur: HEST1GR05, REIM1GR05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- ábendingum, virkni og notkun þeirra.
- æfingunni áfram og stopp.
- fyrsta stigi fimíæfinga, þ.e. að vinna við hönd, kyssa ístöð, sveigju-stopp og upphaf hliðargangsæfinga.
- notkun reiðvalla, reiðleiðir, merkingar og umferðarreglur.
- réttu taumhaldi og notkun mismundi taumábendinga.
- einföldum gangskiptingum og framkvæmd þeirra.
- útreiðum og þjálfun á víðavangi, forsendur og ávinning.
- mikilvægi þess að geta riðið á slökum taum.
- mikilvægi þess að tileinka sér rétt viðhorf gagnvart hestinum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- leggja mat á andlegt og líkamlegt ástand hesta.
- taka sjálfstæðar ákvarðanir varðandi eigið verklag.
- fara á og af baki og ríða á grunngangtegundum (auk tölts) og nota einfaldar ábendingar, sæti, rödd, fætur og taumur.
- hafa grunnvald á algengustu ásetum og taumhaldi.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í almennum umræðum um fagið.
- fylgja leiðbeinandi reglum um öryggismál á vinnustað.
- vera meðvitaður um eigin stöðu og færni í hestamennsku.
- geta brugðist við fjölbreyttum aðstæðum á viðeigandi hátt, miðað við eðli og atferli hestsins.
- vinna með hestinn við hönd (einfaldar æfingar).
- geta látið hestinn kyssa ístöð á baki og við hönd, til beggja hliða.
- geta riðið einfaldar hliðargangsæfingar.
- geta riðið einfaldar gangskiptingar.
- geta riðið helstu reiðleiðir á reiðvelli.
- geta riðið í hlutlausri lóðréttri ásetu, hálfléttri og stígandi ásetu.
- hafa gott jafnvægi á baki hestsins og nota rétt taumhald.
- láta hestinn stoppa, standa kyrran og ganga aftur af stað.
- geta riðið á slökum taum.
- sýna það í reiðmennsku og umgengni við hestinn að hann hafi til-
einkað sér rétt viðhorf til hans.
- geta riðið hesti á víðavangi, haft góða stjórn og gætt fyllsta öryggis.

Framkvæmd og fyrirkomulag: Kennt verður með 5 – 7 nemendum í hóp tvisvar í viku. Kennslan fer fram í Votmúla og skólinn útvegar hesta og reiðtygi til kennslunnar, þó má nemandi koma með sinn hest í kennslu og þarf þá að gera viðeigandi ráðstafanir með að koma honum á staðinn. Nemendur skulu mæta

með sinn eigin reiðfatnað í kennslu. Lagt verður áhersla á er að kenna samspil ábendinga og hvað mikilvægt er að umbuna á réttum tíma ,half halt og notkun þess við undirbúning fyrir fimíæfingar og tölt, grunnvinna við hendi sem undirbúningur fyrir fimíæfingar og í framhaldi upphaf fimíæfinga og kenndar tvær grunn æfingar Framfótasnúningur og Krossgangur, farið verður markvisst í gangskiptingar, fet – brokk – fet, fet – tölt – fet. Sætisæfingar verða reglulega og áfram lögð áhersla á að æfa og bæta nemendur. Stefnt er á að fara í útreiðatúra inná milli og mun það vera gert með tilliti til verkefna og veðurs hverju sinni.

Sérreglur áfangans:

Mætingarreglur: Sérstakar mætingarreglur eiga við í verklegri reiðmennsku. Mætingarskylda er í alla tíma.

Við 8. Fjarvist (fjórða tvöfalda tímanum) er nemandi fallinn á mætingu. Mæting er miðuð við raunmætingu nemandans.

Ef nemandi mætir ekki í próf vegna veikinda eða annars þarf hann að leita til kennara um annan möguleika á að taka prófið og þarf einnig að framvísa vottorði ef um veikindi er að ræða.

Til þess að geta sinnt heimanámi í verklegum reiðmennsku áföngum, er nauðsynlegt að hafa aðgang að hesti/hestum og aðstöðu til að þjálf á meðan á önninni stendur.

Námsmat er fjölbreytt og felst meðal annars í ýmsum verkefnum og prófum.

Verkefni / Próf	Lýsing og námsmat	Vægi
Vinna við hendi	Próf - Grunnatriði í vinnu við hendi	10%
Klári keppni - Umhirðu og Baðverkefni		15%
Knapamerki 2	Próf	30%
Gangskiptingar og grunn fimíæfingar		30%
Frammistaða og virkni		15%
Samtals:		100%

***Frammistaða og virkni:** Hérna er metið hvernig frammistaða og virkni nemandans er í verklegum tímum og á þetta einnig við fyrir allan tímann sem nemendur eru í Votmúla og tekur yfir alla verkþætti sem snúa að nemendum og eiga við á staðnum. Munum að sýna gott viðhorf gagnvart hestunum, samnemendum og öðrum.*

ATH: Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar

Áætlun um yfirferð á Vorönn 2026:

Vika	Dagsetning	Viðfangsefni	Kennari
2	08.-09.01.	Kynning á áfanga – Verkefni og Próf sem eru framundan . Að hefja þjálfun á sangjarnan hátt eftir fri.	Áslaug Fjóla
3	12.-16.01.	Vinna við hendi. Að víkja að aftan og framan í kyrrstöðu og á hring. Stígandi áseta og skástæður, háflétt áseta. Verkefni / Klár í keppni	Áslaug Fjóla
4	19.-23.01.	Vinna við hendi, Að víkja að framan og aftan. Háflétt áseta á feti og brokki / Stígandi áseta og skipta á skástæðum. Létt taumsamband, slakur taumur, stjórn á hraða og stefnu á reiðleiðum. Sætisæfingar , skástæður, háflétt áseta /stígandi áseta og gangskiptingar Verkefni / Klár í keppni	Áslaug Fjóla
5	26.-30.01.	Vinna við hendi. Æfingarnar að kyssa ístöð og sveigjustopp. A – B æfingar. Ásetur æfðar stígandi áseta og háflétt áseta Verkefni / Klár í keppni	Áslaug Fjóla
6	02.-06.02.	Vinna við hendi/Fimíæfingar.Byrja að nota half halt. Undirbúningur og byrjun á fimíæfingum á baki. Munurinn á að stoppa og stöðva Sætisæfingar – Ásetur og gangskiptingar og uppi stökk. Verkefni / Klár í keppni	Áslaug Fjóla
7	09.-13.02.	Verkefni / Klár í keppni	Áslaug Fjóla
8	16.-20.02.	Half halt undirbúningur fyrir töltreið Verkefni / Klár í keppni Miðannarmat	Áslaug Fjóla
9	23.-27.02.	23.-24.02. Vorfri Vinna við hendi – Próf	Áslaug Fjóla
10	02.-06.03.	Vinna við hendi - Gangskiptingar fet – bók – fet / fet – tölt – fet og þjálfun gangtegunda. Sætisæfingar -Stöðurnar 5 og stökk	Áslaug Fjóla
11	09.-13.03.	Háflétt áseta á brokki létt taumsamband og slakur taumur á markvissum reiðleiðum. Gangskiptingar uppi stökk. Undirbúningur fyrir KM 2	Áslaug Fjóla
12	16.-20.03.	Hringvallarreið – undirbúningur fyrir mót. 18.03. Vetrarleikar FSu 18.-19.03 Kátir dagar 20.03. Flóafár	Áslaug Fjóla
13	23.-27.03.	Æfingar og undirbúningur fyrir KM 2 próf Knapamerki 2 – Próf	Áslaug Fjóla
14	30.03.-03.04.	Páskafri	Áslaug Fjóla
15	06.-10.04.	06.04. Páskafri Sætisæfingar , stökk,Berbakt / fimleikar á hestum	Áslaug Fjóla
16	13.-17.04.	Markvissar gangskiptingar – Fimíæfingar – Frammfótasnúnin-gur og Krossgangur	Áslaug Fjóla
17	20.-24.04.	Markvissar gangskiptingar - Fimíæfingar - Frammfótasnúnin-gur Undirbúningur fyrir Próf – Nemendur taka upp myndband af hvor öðrum. 23.04. Sumardagurinn fyrsti	Áslaug Fjóla
18	27.04.-01.05.	Undirbúningur fyrir Próf - Sætisæfingar 01.05. Frídagur Verkalýðsins	Áslaug Fjóla
19	04.-08.05.	Undirbúningur fyrir próf	Áslaug Fjóla
20	11.-13.05.	Gangskiptingar og grunnfimíæfingar – Próf 13.05. Síðasti kennsludagur 14.05. Uppstigningardagur	Áslaug Fjóla

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt.

Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans:

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar.

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- Tækifæri til að sjá hvernig þér gekk
- Útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- Ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi
- Tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn